

Nd.

298. Tillaga

til þingsályktunar um lánveitingar úr Fiskiveiðasjóði Íslands.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina (atvinnumálaráðuneytið) að sjá um, að fylgt verði lögum og reglugerð Fiskiveiðasjóðsins og lögum um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands við lánveitingar úr sjóðnum.

Á s t æ ð u r .

Mjer hefir verið tjáð, að atvinnumálaráðuneytið hafi í hyggju að veita Reykjavík og Akureyri stórlán úr Fiskiveiðasjóði til hafnarbóta á þessum stöð-

um, og að meiri hluti sjávarútvegsnefndar hafi gefið samþykki til þessarar ráðstöfunar á fje sjóðsins.

Þessar ráðstafanir tel jeg fara í bága við tilgang sjóðsins og vera til hnekkis því, að sjóðurinn geti stutt fiskveiðar landsmanna, eins og allir blut-
aðeigendur vænta og eiga heimting á að hann geri.